

## Fátæktarklám

### Fátæktarklám? Umfjöllun fjölmiðla um fátækt. Samtal milli þeirra sem sagt er frá og þeirra sem segja frá.

Fundarstjóri var Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar. Málshefjandi var Laufey Ólafsdóttir, samhæfingarstjóri PeP en auk hennar voru við pallborðið Gunnar Smári Egilsson, útgefandi Fréttatímans, Ása Sverrisdóttir, PeP Akureyri, Lóa Pind Aldísardóttir, dagskrárgerðarmaður á Stöð 2, Þorkell Þorkelsson (Keli) ljósmyndari og Sædís Arnardóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfsins. Tuttugu og tveir mættu á fundinn. Ritari ágríps: Kristín Ólafsdóttir, fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

### Er fátæktarklám í fjölmiðlum?

PeP (People experiencing Poverty) hópur EAPN (evrópskt tengslanet fólks sem býr við fátækt) á Íslandi og Hjálparstarf kirkjunnar:

PeP hópurinn á Íslandi sem hefur að markmiði að vinna bug á fátækt og félagslegri einangrun vildi ræða við fjölmiðlafólk á málefnalegan hátt um það hvernig fjölmiðlar fjalla um fyrirbærið fátækt og fólk sem býr við kröpp kjör. Spurningar sem brunnu á Peppurum voru m.a. hvort hægt væri að fjalla um fólk í erfiðum aðstæðum af nærgætni og virðingu án þess að missa athygli lesenda / hlustenda / áhorfenda. Markmið PeP með fundinum var að mynda tengsl við fjölmiðlafólk í þeirri von að gagnkvæm fræðsla með samtali myndi eiga sér stað.

#### 1. Sjónarhorn sem fram komu:

- Fólki sem fjallað er um finnst það vanvirt.
- Það er erfitt að fjalla um fátækt í fámennu samfélagi þar sem allir þekkja alla.
- Fordómar og staðalmyndir er erfitt að eiga við, hjá sjálfum sér og öðrum.
- Sögur af fólki hafa miklu meiri áhrif en tölfræðin.
- Fjölmiðlar gætu unnið betur í að skila skömminni þangað sem hún á heima.

#### 2. Vandamál sem voru rædd:

Erindi fólks í erfiðum aðstæðum kemst ekki til skila vegna æsifrættastíls í frásögn fjölmiðla: Fólk sem býr við kröpp kjör vill umfjöllun um orsakir fátæktar en finnst erfitt að koma fram og segja frá aðstæðum sínum þar sem því finnst að fjölmiðlar hafi tilhneigingu til að persónugera vandamálið. Það leiði til þess að sá eða sú sem um er fjallað og börn viðkomandi verði stimpluð sem minnimáttar í samfélaginu. Í stað þess að umfjöllunin leiði til umbóta leiði hún til frekari félagslegrar einangrunar þeirra sem um er rætt. Fólk sitji eftir með þá tilfinningu að fátæktin sé því sjálfu að kenna en ekki því kerfi sem samfélagið hafi komið sér upp um jöfnuð og félagslegt réttlæti.

#### 3. Lausnir sem komu fram:

M.a. að fjölmiðlafólk hefði meira samráð við „viðfangsefnið“; að enn frekar yrði vandað til heimildavinnu; að fjölmiðlafólk setti sig í spor þeirra sem það fjallaði um og hugsaði „ef þetta væri ég hvernig myndi ég þá fjalla um málið?“; að fjölmiðlaumfjöllun ylli því ekki að fólk sem býr við kröpp kjör yrði stimplað sem minni máttar heldur væri skömminni komið til skila þar sem hún á heima, þ.e. til fulltrúa okkar á alþingi sem fara með ákvörðunarvald um viðbrögð við félagslegri neyð.

## Fátæktarklám

### 4. Næstu skref sem voru rædd:

PeP á Íslandi vill verðlauna fjölmiðlafólk fyrir málefnalega umræðu um fátækt. Í janúar 2017 verða í fyrsta sinn veitt verðlaun fyrir málefnalega umræðu um aðstæður fólks og ástæður fátæktar á árinu 2016.

### 5. Tilvitnanir og dæmi um samræður:

Peppari skýrði frá reynslu sinni þar sem hún kom fram í fjölmiðli sem manneskja sem býr við fátækt. Hún vildi þar koma á framfæri erindi til samfélagsins og benda á leiðir til úrbóta en erindi hennar skilaði sér ekki í umfjölluninni. Hún upplifði sig þvert á móti sem skotspón og að aðstæður hennar hefðu verið opinberaðar án þess að fram kæmi það sem hún stóð fyrir og leiðir sem hún sá út úr félagslegri neyð sinni. Henni fannst brotið á sér í umfjöllun fjölmiðilsins og hún „lamin niður.“ Umföllunin varð henni því fjötur um fót í stað þess að leiða til umbóta. Hún gagnrýndi að hún fékk ekki að sjá umfjöllunina um sig fyrir birtingu þáttar í fjölmiðlinum. Lausn sem hún sá á vanda sínum komst ekki til skila þótt hún hefði sagt frá henni í viðtali. Henni fannst því að áhuginn væri meiri á eyndinni en leiðinni út úr henni.

Félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar sagði að það væri ekki auðvelt að benda fjölmiðlum á fólk í viðkvæmri stöðu til viðtals og benti jafnframt á að hún hefði orðið vör við ákveðið misræmi í umfjöllun um fátækt og þess sem hún hefði upplifað í starfi sínu. „Aldrei fleiri fengið aðstoð“ nefndi hún sem dæmi þegar að staðreyndin hefði verið sú að ástandið hefði verið svipað og áður. Hún sagði jákvæða hlið þessarar tegundar umfjöllunar að hún hristi upp í fólk og það léti sig þá frekar varða aðstæður annarra. Hún kallaði hins vegar eftir því að fjölmiðlar vönduðu heimildarvinnu og umfjöllun þeirra endurspeglaði raunveruleikann.

Rætt var um að fátækt fólk væri einn af síðstu hópnum sem þyrfti að stíga fram og skila skömminni á réttan stað. Fulltrúi fjölmiðla sagði fjölmiðla hafa reynt þetta en ekk fundið viðmælda sem væri tilbúinn til að taka þátt í áróðri fyrir bættum kjörum.

Þá var rætt um að fjölmiðlafólk jafnt sem viðmælendur glímdu við fordóma og staðalmyndir og að tilhneiging væri í báðum hópnum til að setja fólk í staðlað mót. Að vera ísbrjótur í umræðu um fátækt væri áskorun og að aðstæðurnar hefðu ekki með virði manneskjunnar að gera, að aðstæður fólks breyttust sem betur fer oft þannig að fátækur einstaklingur væri það ekki endilega um aldur og ævi.

Fram kom að erfitt væri að ræða um fátækt með tölfræðilegum rökum einum þar sem þau væru lítt áhugavekjandi og að fólk fylgdist betur með þegar rætt væri um einstaklinga eða eins og sagt var: „Við skynjum betur fólk en tölfræði, því eru sögur af fólk miklu áhrifameiri en tölfræðin.“

Fram kom að nálægðin í íslensku samfélagi gerði fjölmiðlafólki erfitt fyrir og að tímaskortur væri dragbýtur í starfi fjölmiðlafólks.

Niðurstaða samræðunnar: Skila ber ábyrgð á fátækt og félagslegri einangrun til þeirra sem taka ákvörðun um samfélagsmál og til þeirra sem um hana fjalla á opinberum vettvangi. Velta mætti upp þeirri spurningu, hvort rétt væri að fjölmiðlar leituðu í meira mæli til fólks sem hefur upplifað fátækt og brotist út úr henni. Þar gætu legið mögulegar lausnir.